

*Dagskráin sendir
Sunnlendingum öllum
hlýjar sumarkveðjur*



Mynd: Hjörtur Leví.



Heimasíða um sameiningu sveitarfélaga á Suðurlandi

Sveitarstjórnir Ásahrepps, Rangárbæjarhrepps ytra, Rangárbæjarhrepps eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps hafa skipað verkefnishóp til að kanna hvaða áhrif sameining sveitarfélaganna myndi hafa á rekstur og þjónustu sveitarfélaganna. Verkefnið hefur hlotið nafnið „Sveitarfélagið Suðurland“.

Heimasíða verkefnisins er komin í loftið en hana er að finna á slóðinni www.svsudurland.is.

Þar er að finna helstu upplýsingar fyrir íbúa sveitarfélaganna og aðra áhugasama um verkefnið. Þá er hægt að senda inn fyrirspurnir og verða svör birt á síðunni.

Markmið verkefnishópsins er að gera tillögu að því til hlutadeigandi sveitarstjórna hvort hefja skuli formlegar samein-

ingarviðræður samkvæmt 119. grein sveitarstjórnarlaga.

Verkefnishópurinn mun leita svara við ýmsum spurningum varðandi áhrif mögulegrar sameiningar á fjármál, rekstur, stjórnsýslu og þjónustu við íbúa svæðisins til að meta hvort hag íbúanna er betur borgið í sameinuðu sveitarfélagi en í núverandi skipulagi. Í haust verður boðað til íbúafunda í hverju og einu sveitarfélagi þar sem leit að verður sjónarmiða íbúa og í framhaldinu framkvæmd skoðanakönnun. Gert er ráð fyrir að tillaga verkefnishópsins liggja fyrir í lok október 2020, þannig að sveitarstjórnir geti tekið ákvörðun í nóvember. Verði ákveðið að hefja formlegar sameiningarviðræður munu íbúar ganga til kosninga um sameiningartillögu á árinu 2021.



Heimasíðu verkefnisins má finna á slóðinni www.svsudurland.is.

*Við sendum öllum Sunnlendingum
nær og fjarn góðar sumarkveðjur*

PÍPULAGNIR Háheiði 10, Selfossi
HELGA S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY
HYBRID

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.
Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is



Búslóðaflutningar og vörudreifing
Sendibílar Suðurland 820 3880, Tómas

82%

Sunnlendinga lesa
Dagskrána í hverri viku



Elskulegur eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,

Bjarni Tómasson,



sem lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum
14. mars, var jarðsönginn frá Selfoskirkju
14. apríl við sérstakar aðstæður.

Aðstandendur þakka hlýhug og samúð. Sérstakar
þakkir fær starfsfólk Fossheima fyrir einstaka
umönnun og hlýja nærveru.

Þakki þú einnig allir þeir sem sáu sér fært að
mæta við kirkjuna og votta virðingu sína.

**Hjördís Þorsteinsdóttir,
Þorsteinn, Laufey Ása, Arnar,
tengdabörn og afabörn.**

Ný bók frá Urði Bókafélagi – Víkingar og Væringjar

Urður bókafélag á Helli hefur gefið út bókina *Víkingar og Væringjar* eftir Jón Þ. Þór. Í umsögn um bókina segir: Víkingaöldin er eitt áhugaverðasta og merkasta tímabilið í gjörvallri sögu Norðurlanda. Hún stóð frá því skömmu fyrir aldamótin 800 og fram á síðari hluta elleftu aldar. Á víkingaöld urðu Norðurlandabúar hlutgengir Evrópu-menn. Þeir fóru í víkingaferðir til Bretlandseyja, Frakklands, suður í Miðjarðarhaf, austur til Rússlands og Svartahafs, fundu og námu ný lönd í Norður - Atlantshafi - Færeyjar - Ísland og Grænland - og sigldu allt vestur til Ameríku. Margir Norðurlandabúar, þeirra á meðal nokkrir Íslendingar, gengu í þjónustu

keisarans í Miklagarði (Konstantínópel, nú Istanbúl), voru hermenn hans og lífverðir. Þeir voru nefndir Væringjar.

Í þessari fróðlegu og læsilegu bók rekur Jón Þ. Þór meginþætti í sögu víkingaaldar, lýsir herferðum víkinganna, landkönnun og landafundum, kaupferðum og myndun kaupstaða og konungsríkja á Norðurlöndum.

Jón Þ. Þór er í hópi þekktustu og afkastamestu sagnfræðinga á Íslandi. Hann hefur skrifað á sjötta tug bóka auk fjölmargra blaða- og tímaritsgreina sem birst hafa hér á landi og erlendis.

Bókina má nálgast hjá öllum helstu bóksölum. Einnig má panta hana beint frá forlaginu.



Lögfræðingur ráðinn á stjórnsýslusvið Árborgar

Ráðningu er lokið á lögfræðingi hjá Sveitarfélaginu Árborg. Alls bárust 19 umsóknir um starfið. Einn dró umsóknir sína til baka. Við starfinu tekur Sigríður Vilhjálmisdóttir hdl. Sigríður er með MA próf í lögfræði, með áherslu á stjórnsýslurétt frá Háskóla Íslands. Sigríður starfar í dag sem lögmaður

hjá embætti borgarlögmanns hjá Reykjavíkurborg og starfaði áður í 13 ár sem lögmaður hjá Lagabingi sf. Þá hefur hún einnig sinnt stundakennslu við Háskólann á Bifröst. Sigríður mun hefja störf 1. júní nk. og verður með aðsetur í Ráðhúsinu á 2. hæð.

-gpp



Hrós vikunnar

Guðbjörg Ólafsdóttir

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Guðbjörg Ólafsdóttir

Takk Hafdís mín fyrir þessa áskorun. Mig langar til að hrósa **þríeykinu** sem birtist daglega á skjánum og uppfræða okkur um stöðu mála dag frá degi. Fyrir mér eru þau orðin eins og „Friends“ og bíð ég eftir þeim á daginn. Vona ég að allir virði og fari eftir þeirra fyrimælum.

Guðbjörg Ólafsdóttir

Ég ætla að skora á vinkonu mína hana Guðrúnu Guðnadóttur að eiga hrós næstu viku.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Guðbjörg, sendu okkur hrósið á netfangið dagskrain@prentmet.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



STÓRI PLOKKDAGURINN 25. APRÍL

ÁRBORG PLOKKAR!

PLOKK Á ÍSLANDI #PLOKK2020

STÓRI PLOKKDAGURINN 25. APRÍL

PLOKK TRÍKIN FYRIR HELGIMA!
- FRÁBÆR HREYFING FYRIR ALLA ALDRSHÓPA
- HANSHAR, PLOKKUR OG RUSLAPOKAR
- KLÆÐA SIG EFTIR ABSTÆÐUM
- HVER RÆÐUR SÍNUM TÍMA OG HRÁÐA
- FRÁBÆRT FYRIR UMHVERFIÐ
- VIRÐUM TVEGGJA METRA REGLUNAR

PLOKK Á ÍSLANDI #P17KK2020

Laugardaginn 25. apríl 2020 frá kl. 9-12 verður unnt að nálgast glæra plastpoka til ruslatínslu og losa sig við afraksturinn í stórsekkri að tínslu lokinni á eftirfarandi stöðum:

Eyrbakkí:	Við sjoppuna.
Stokkseyri:	Við sjoppuna.
Selfoss:	Sunnan við Ráðhús Árborgar. Sunnan við Krambúðina (grænt svæði við Fossheiði). Sunnulækjarskóli við íþróttahúsið. Leikskólar Árborgar

Kort með nánari staðsetningar verður kynnt á heimasíðu Árborgar sem og á samfélagsmiðlum. Eftir 10:00 á laugardag má losa sig við afraksturinn á gámasvæðinu Víkurheiði til klukkan 17:00 og einnig mánudaginn 27. apríl. Stóri Plokkdagurinn er haldinn 25. apríl. Líkt og undanfarin ár mun Sveitarfélagið Árborg styðja við framtak íbúa og plokksamfélagsins sem vilja stuðla að snyrtilegu umhverfi og leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að tína rusl sem víðast. Pokar til að tína rusl í verða aðgengilegir á ofangreindum stöðum í sveitarfélaginu, auk þess sem fólk getur losað sig við afrakstur plokksins í stórsekkri á sömu stöðum ásamt fleiri stöðum sem verða auglýstir á heimasíðu Árborgar og á samfélagsmiðlum. Sekkirnir verða fjarlægðir kl. 13:00 og eftir það má losna við pokana á gámasvæðinu við Víkurheiði, sem er opið frá kl. 10-17. Einnig verður hægt að skila af sér plokki endurgjaldslaus á gámasvæðinu við Víkurheiði mánudaginn 27. apríl nk.



**Sveitarfélagið
ÁRBORG**

 Kr. 2.890	 Kr. 14.990	 Kr. 10.990	 Matardiskur kr. 3.200
 Kr. 6.900	 Kr. 11.500	 Kr. 1.990	 Kr. 5.990

Sumargjafir
Afmælisgjafir
Sængurgjafir
...og gjafir handa þér!

Motivo

Hönnun, tíska og gjafavara
Austurvegi 9 Selfossi S. 482 1700 Motivo.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingar í
s. 482 1944 eða á auglysingar@dfs.is.

Grunnskólakennari í Þjórsárskóla

Laus staða kennara í Þjórsárskóla



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Kennslugreinar eru náttúrufræði, samfélagsfræði og íþróttir í 1.-7. bekk (sund ekki meðtalið).

Leitað er að metnaðarfullum, sjálfstæðum og áhugasömum einstaklingi sem býr yfir þekkingu á skólastarfi og hæfni í mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um grunnskólakennaramenntun.

Um er að ræða 100% stöðu frá 1. ágúst nk.

Umsóknarfrestur til 5. maí 2020.

Nánari upplýsingar veitir Bolette Höeg Koch skólastjóri í síma 895 9660 eða á netfangið bolette@thjorsarskoli.is.

Þjórsárskóli er grunnskóli fyrir 1.-7. bekk. Nemendur eru tæplega 50. Þeim er kennt í fjórum kennsluhópum. Í Þjórsárskóla er lögð áhersla á sjálfbærni, nýsköpun, útikennslu og umhverfið. Við leggjum áherslu á að nýta það efni sem við fáum úr Þjórsárdalsskógi og að gefa gömlum hlutum nýtt líf. Yfirmarkmið skólans er að skila landinu til komandi kynslóða í betra ástandi en við tókum við því.

Vefslóð: www.thjorsarskoli.is

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru 610 íbúar. Þéttbýliskjarnar eru við Árnes og á Brautarholti. Í hreppnum eru náttúruperlur á borð við Þjórsárdal. Þjórsárskóli er í tæplega 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Ekki missa af þessu tækifæri!

Okkur vantar sérkennslustjóra og leikskólakennara/deildarstjóra í starfshópinn



FLÓAHREPPUR



Krakkaborg

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og að jafnaði dvelja þar um 40-50 nemendur frá níu mánaða – sex ára. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður mjög góður. Hér er góður starfsmannahópur, reynslumiklir starfsmenn, yndislegir nemendur og jákvæðir foreldrar. Umhverfi leikskólans býður upp á óendanlega möguleika. Þeir sem vilja vera virkur hluti liðsheildar, jákvæðir og skapandi ættu ekki að hika. Við erum falin perla í aðeins 10 mínútna akstri frá Selfossi. Áhugasamir velkomnir í heimsókn!

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismentun
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði og jákvæðni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Ef ekki fæst leikskólakennari til starfa eru aðrar umsóknir teknar til skoðunar. Laun eru samkvæmt kjarasamningum.

Nánari upplýsingar veitir:

Guðbjörg Hólm Þorkeldsdóttir leikskólastjóri
í síma 480 0151 / 863 7037 eða
Björg Kvaran aðstoðarleikskólastjóri
í síma 480 0151 / 845 1019

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netföngin guggaholm@floahreppur.is eða bjorgk@floahreppur.is.

Umsóknarfrestur er til 16. maí 2020.

Umhverfsvæn matvælaframleiðsla

– vaxtartækifæri fyrir Suðurland

Eins klisjukennt og það er, þá er ekki hægt að segja annað en að undanfarnir mánuðir hafi verið einkar sérkennilegir og fordæmalausir. Fólk talar jafnvel um hamfaratíma, sem ég get að mörgu leyti tekið undir. A einu bretti hefur normið fokið út um gluggann og við höfum þurft að skipta algjörlega um gir hvað varðar daglega rútínu.

Áskoranir fela í sér ábyrgð

Þessi heimsfaraldur hefur kennt okkur margt. Ein af þeim lexíum sem við höfum lært er mikilvægi þess að vera sjálfum okkur nóg þegar kemur að matvælaframleiðslu. Við hér á Suðurlandi höfum nægt landrými, umhverfsvænustu orku sem hægt er að fá, óþrjótandi ferskvatnslindir og síðast en ekki síst sérþekkingu á sviði matvælaframleiðslu.

En tækifærin liggja ekki einungis hérlendis. Sérfræðingar telja að á næstu 40 árum þurfi mannkynið að framleiða jafn mikið af mat og það hefur gert síðustu 8000 árin. Þegar staðan er einnig sú að matvælaframleiðsla losar nú þegar um 30% af gróðurhúsalofttegundum heimsins er ljóst að við sem eigum allt þetta land, alla þessa umhverfsvænu orku, allt þetta vatn auk þekkingar og mannaúts, berum ábyrgð. Á þessum forsendum verður að vinna með matvælafyrirtækjum á Suðurlandi að þróun þessara mála. Með nýsköpun og klasasamstarfi að vopni getum við breytt ögnunum í tækifæri.

Tækifærin búa á Suðurlandi

Suðurlandið býr yfir miklum möguleikum til eflingar atvinnulífs og þá ekki síst á forsendum umhverfsvænnar matvælaframleiðslu. Þar sem ég er kjörinn fulltrúi í Sveitarfélaginu Ölfusi þekki ég e.t.v. betur þau tækifæri sem þar búa og er skemmt frá því að segja að mikill uppgangur er á þessu sviði þar. Í undirbúningi eru miklar framkvæmdir sem tengjast framleiðslu á vistvænum matvælum svo sem með fullleiddi á laxi, tilkomu ylvera, framleiðslu á smápörungum, stórskala svínaræktun, eflingu seiðaeldis, útflutningi á vatni o.m.fl. Þau fyrirtæki bætast þar í hóp þeirra sterku fyrirtækja sem þegar starfa á þessu sviði í sveitarfélaginu svo sem útgerðarfélagin Rammi, Skinney-Pinganes, Hafnarnes-Ver, Icelandic glacial, Arnarlax, Laxar, Íspór, Fisk Seafood o.fl.

Stofnun Þekkingarseturs Ölfuss

Á síðustu tveimur árum hefur Sveitarfélagið Ölfus haft ríkt frumkvæði í stefnumótun á sviði umhverfsvænnar matvælaframleiðslu. Til marks um það hefur grunnur verið lagður að umhverfis- og auðlinda-stefnu, mörkuð stefna hvað varðar nýtingu jarðhita, svæði skipulögð með tilliti til stórtækra matvælaframleiðslu, grunnvatnsstraumar kortlagðir og má lengi áfram telja. Mest kveður sjálfsgagt að hugmyndum um stofnun Þekkingarseturs Ölfuss sem mótaðar hafa verið til að laða að fyrirtæki sem

Grétar Ingi Erlendsson

formaður bæjarráðs og bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Ölfusi.



sérhæfa sig í umhverfsvænni matvælaframleiðslu. Í ljósi þeirrar ógnar sem steðjar að íslensku samfélagi vegna KÓLNUVAR hagkerfisins í kjölfar COVID faraldurs teljum við að skynsamlegt sé að færa sig á annað stig undirbúnings að stórsókn á þessum forsendum.

Með stofnun Þekkingarseturs Ölfuss verður markvisst unnið að aukinni almennri þekkingu sem stuðli að uppbyggingu og fjölbreyttu atvinnulífi á Suðurlandi með sérstakri áherslu á umhverfsvæna matvælastarfsemi á Suðurlandi og nútíma aðferðir við framleiðslu á próteini og öðrum lífrænum afurðum. Horft er til þess að Þekkingarsetur Ölfuss verði sjálfseignarstofnun í eigu fyrirtækja á svæðinu, sveitarfélagsins, ríkisins og annarra aðila sem hag geta haft af starfsemi þess. Rétt er að geta þess að hin ýmsu fyrirtæki hafa sýnt því sterkan áhuga að hafa fjárhagslega aðkomu að stofnun og rekstri Þekkingarsetursins og er nú unnið að lokafrágangi þar að lútandi. Nú þegar hefur verið auglýst eftir verkefnastjóra og hvet ég alla sem uppfylla skilyrði að sækja um. Þó útlitið sé svart núna er framtíðin björt!



Sunnlenski matgæðingurinn



Sandra Líf Þórðardóttir er matgæðingur vikunnar.

Ég vil þakka svila mínum, honum Karel, fyrir áskorunina, ég veit um fátt skemmtilegra en að elda góðan mat og þá sérstaklega ef honum fylgir gott rauðvín. Fyrst Guðni var með nautakjöt og Karel folald þá held ég að það sé ekkert eftir en að bjóða uppá íslenskt lambakjöt hvað þá heldur fyrst maður getur orðið kallað sig sauðfjörðbönda.



Lambabógar með ostasósu og sætum kartöflum

Lambabógarnir eru í miklu upphaldi hjá mér, einstaklega mjúkir og er hver bógur hæfilega lítill fyrir 2 - 3 manns. Hreinsið burt fitu og himnur af kjötinu, leggið það í eldfast mót, makið á því ólífuolíu og marinerið með dassi af

Pipar
Timjan
Steinselj
Rósmarin
Ferskum hvítlauk,
smátt skornum
Fersku engifer, smátt skornu
Ferskum bláberjum, krömdum

Hellið bjór að eigin vali í eldfasta mótið og eldið það í ofni við 100 – 150°C eftir því hvað þú hefur langan tíma, það er bjórinn sem gerir kjötið einstaklega safaríkt og bragðgott.

Sætar kartöflur

Flysið kartöflurnar og skerið í smáa teninga, setjið ólífuolíu og kreistið ferska límónu yfir kartöflurnar. Kryddið með grófu salti og smátt skornum

ferskum chili-pipar. Setjið inn í ofn með lambinu þar til þær eru orðnar mjúkar í gegn.

Sósa

3 stórir sveppir, smátt skornir
1/2 laukur, smátt skornin
50 gr. smjör
2-3 msk. koniak
Salt og pipar

Látið þetta allt krauma saman þar til laukurinn er orðinn mjúkur og mesti vökvinn gufaður upp. Lækkið svo hitann og bætið við

1/2 pela rjóma
1/2 villisveppaosti frá MS
1/2 piparosti frá MS
1-2 msk. bláberjasultu
Sóði frá kjötinu

Látið malla á vægum hita og hrærið þar til allur osturinn er bráðnaður og sósan hæfilega þykk.

Berið fram með salati eftir smekk og klikkar aldrei með rauðvínsglasi.

Ég skora á Önnu Birnu Þráinsdóttur í Varmahlíð að vera næsti matgæðingur. Ég hef heyrt mikið um hennar meistaraeldamennsku og er spennt að sjá hvað hún leggur á borðið í næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Reykjadalur lokaður

Þann 15. apríl var tekin ákvörðun um að loka Reykjadal fyrir allri umferð, tímabundið. Er þetta gert til að forða því að vegfarendur setji sig í hættu og einnig til að gera gróðri í dalnum kleift að jafna sig eftir leysingar undanfarið. A göngustígnum, við hverasvæði og við baðstaðinn er mikil aurbleyta og nauðsynlegt að gróðurþekjan nái að jafna sig. Svæðið verður opnað á ný þegar aðstæður leyfa.



Mynd: Wikimedia

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, shk@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmanntson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Oftast vinn ég afrek mín á eftir kili,
þó miklu starfi í mold ég skili.
Metinn er ég hátt í spili.

Svar við gátu í blaði 2543: **TUNGA.**
1. lína: **Tunga í manni** - 2. lína: **Höftunga**
3. lína: **Tungumál**

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun október - nóvember 2018





Mánaðamót í appinu

Yfirdráttur +

Greiða reikninga

Millifæra

Lán í appi

Myntbreyta
Stillingar

Skoða kort

Dreifa greiðslu
Sækja PIN
Hækka heimild

9:41

Premium
Jóna Jónsdóttir
Endar á 5678

Til ráðstöfunar
106.604 kr.

Mitt yfirlit

Debetreikningur 102.980 kr.
500-26-12345 Ráðstöfun 102.980 kr.

Vaxtasproti 527.007 kr.
500-14-12345 Ráðstöfun 527.007 kr.

Námsvild 9.694 kr.

Heim Ögreitt Millifæra Fjárhagur Friða



Ráðgjafaverið er opið alla virka daga milli kl. 9:00 til 16:00



Netspjallið er opið alla virka daga milli kl. 9:00 til 18:00



Á islandsbanki.is getur þú **bókað tíma í símaráðgjöf** þegar þér hentar.

[Islandsbanki.is/covid](https://islandsbanki.is/covid)

Sveitarfélagið Árborg óskar íbúum sem og
Sunnlendingum öllum gleðilegs sumars.



Sveitarfélagið
ÁRBORG



Sveitarfélagið Ölfus þakkar
fyrir liðinu vetur og óskar
farsældar á komandi sumri.



Rangárfingur ytra færir Sunnlendingum
öllum bestu óskir um gleðilegt sumar.



Randa

Það getur verið skemmtileg þraut að endurvinna vel heppnaða uppskrift fyrir annað garn með aðra prjónafestu. Í þessu tilfelli er það peysa sem hefur notið vinsælda hjá okkur en var þá prjónuð úr Tibet á prjóna no 4. Hér er því ný uppskrift að peysunni, að þessu sinni prjónuð ofanfrá og niður á prjóna no 5 og passar á 1 árs.

Garn: EXTRA FINE MERINO 90 frá **Hjertegarn**. Superwash. 2 dokkur í hvorum lit.

Langur hringprjónn no 5, heklunál no 4, prjónamerki, hjálparprjónar og þrjár tölur.

Prjónafesta 19 l = 10 sm.

Peysan er öll prjónuð með sléttu prjóni fram og til baka eða garðapryjóni. Fyrsta lykkjan í hverri umferð er alltaf tekin framaf prjóni óprjónuð.

Berustykki

(Leiðbeiningar um litaskipti og hnappagöt eru fyrir neðan prjónaleiðbeiningarnar.)

Fitjið upp 56 lykkjur með bleika litnum og prjónið til baka (telst vera 2. umferð). Setjið merki hér til að merkja upphaf umferðar á réttunni á vinstri boðungi. Í 3. umferð eru sett prjónamerki sem hér segir fyrir hvern laska þar sem útaukning fer fram. Prjónið 10 lykkjur og setjið merki utanum næstu lykkju. Prjónið 10 lykkjur (vinstri ermi) og setjið merki utanum næstu lykkju. Prjónið 12 lykkjur (bak) og setjið merki utanum næstu lykkju. Prjónið 10 lykkjur (hægri ermi) og setjið merki utanum næstu lykkju. Prjónið 10 lykkjur. Prjónið til baka 4. umf.

Aukið er út í 5. umferð þannig: * Prjónið að merktu lykkjunni, sláið upp á, 1 sl, sláið upp á. * Endurtakið * - * í öllum löskunum. Prjónið til baka. Endurtakið þessa útaukningu á réttunni þangað til 168 lykkjur eru á prjóninum. (Alls 14 umferðir með útaukningu). Hnappagöt: Á berustykki eru gerð þrjú hnappagöt, það fyrsta í 5. umferð.

Á vinstri boðungi á stráka þannig: Prj 2 sl, sláið upp á, takið næstu l óprj, 1 sl, steypið þeirri óprj yfir. Í umferðinni til baka er prj sl þar sem slegið var upp á prjóninn.

Á hægri boðungi á stelpur þannig: Þegar 4 l eru eftir af umf eru 2 l prj saman. slegið upp á og síðan 2 sl. Í umferðinni til baka er prj sl þar sem slegið var upp á prjóninn.

Næstu hnappagöt eru gerð með 7 garða millibili.

Litaskiptin: Þegar komnir eru 8 garðar af bleiku byrja rendur sem taldar eru í görd-

um. 1 grár, 1 bleikur, 2 grár, 1 bleikur, 2 grár, 1 bleikur. Ekki slíta frá.

Ermar

Næst eru ermarnar prjónaðar. Byrjið á að setja lykkjurnar 25 af vinstri boðungi á hjálparprjón.

Fitjið upp 2 l með gráu, prjónið ermalykkjurnar 38 og fitjið aftur upp 2 l. Prjónið 5 garða. Í næstu umferð er lykkjum fækkað um 2 með því að prjóna saman 2. og 3. l og síðan 2. og 3. síðustu l umferðarinnar. Endurtakið þessar úrtökur í 6. hverri umf þar til 30 l eru eftir á prj.

Þegar gráu garðarnir eru orðnir 22, eru prj tveir bleikir einn grár og síðan 4 bleikir og þá er fellt af. Slítið frá nógu langa enda til að geta saumað ermna saman (neðst með bleiku og síðan með gráu þar sem endað verður á að sauma saman handvegsopið).

Setjið baklykkjurnar 42 á geymsluprjón.

Prjónið hina ermna.

Bolur

Setjið allar lykkjurnar fyrir bolhlutann á prjóninn og byrjið að prjóna með gráu þar sem frá var horfið eftir berustykkið.

Prj 25 l, fitjið upp 4 l, prj 42 l, fitjið upp 4. og síðan 25 l út á enda umferðarinnar. Samtals eru þá 100 l á prjóninum. Prjónið áfram garðapryjón og þannig: 2 grár, *2 bleikir, 1 grár*. * - * endurtekið 8 sinnum í allt. Prj að lokum 4 garða bleika og fellið af. Heklið upp kantinn 1 fl í hvern garð og síðan eins niður vinstri boðung.

Frágangur

Saumið saman ermarnar og lokið undir handvegi. Gangið frá endum og festið tölur. Þvoðið úr volgu sápuvatni og leggið til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Við biðjum viðskiptavini okkar að fylgjast með fréttum um opnunartíma og aðra þjónustu hjá okkur nú sem aldrei fyrr.

Nýr skipulagsfulltrúi UTU

Vigfús Þór Hróbjartsson var nýlega ráðinn nýr skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. og hóf hann störf þann 1. apríl sl. Vigfús tekur við starfinu af Rúnari Guðmundssyni sem hefur verið ráðinn skipulagsfulltrúi í Skagafirði.


Vigfús Þór er útskrifaður byggingafræðingur frá Háskóla Reykjavíkur og er hann að ljúka meistaranámi í skipulagsfræðum frá Landbúnaðarháskóla Íslands nú í vor. Hann hefur undanfarið

eitt og hálf ár starfað hjá Eflu verkfræðistofu á Selfossi en þar á undan starfaði hann sem skipulags- og byggingarfulltrúi í Mýrdals- og Skaftárhreppi. Vigfús er í sambúð með Guðnýju Guðjónsdóttur, sjúkraliða og þroskajálfa og eiga þau fjögur börn.

Vigfús Þór er boðinn velkominn til starfa hjá UTU um leið og Rúnari Guðmundssyni eru þökkuð vel unnin störf fyrir embættið undanfarið ár.



Útivistartæki fyrir 60 ára og eldri



Sigríður J. Guðmundsdóttir

fyrirverandi formaður félags eldri borgara á Selfossi



Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir

fyrirverandi félagsmálastjóri í Árborg




Hugmyndin að útivistarsvæði fyrir 60 ára og eldri kviknaði í samnorrænu meistaranámi Guðlaugar Jónu við Háskólann á Íslandi, Háskólann í Lundi og Háskólann í Yvaskular. Í einu faginu „umhverfi og aldraðir“ var umfjöllun um „playgrounds for the elderly“ sem eru víða staðsett í Evrópu og Asíu. Markmið þessara útivistarsvæða er að bjóða uppá hjálfun og hreyfingu sem taka mið af þörfum og/eða áhuga fullorðinna. Það eru engin ný sannindi að aldrei er of seint að hreyfa sig enda hafa rannsóknir undir stjórn Janusar Guðlaugssonar sýnt fram á mikilvægi hreyfingar hjá eldra fólki.

Í Árborg var stofnaður vinnuhópur til að þróa útivistarsvæði fyrir 60 ára og eldri. Oddur


Hermannsson, landslagsarkitekt teiknaði. Verkefni vinnuhópsins var að ákveða hvaða tæki ættu að vera til staðar og hvernig fyllsta öryggis yrði gætt varðandi aðgengi. Í vinnuhópnum voru íþróttafræðingar, sjúkrahjálfari, lækni, hjúkrunarfræðingur, skrudgarðyrkjufraðingur, umhverfisfræðingur og félagsráðgjafi. Svæðin sem við horfðum til voru annars vegar við suðurenda þjónustumiðstöðvar eldri borgara að Grænumörk 5 á Selfossi. Í því húsi eru íbúðir fyrir aldraða, félagsstarf aldraða fer þar fram að mestu leyti og eins er Árblik sem er dagdvöl eldri borgara þar. Fyrir framan þjónustumiðstöðina eru einnig tvö litil hús sem tilheyra íbúðum fyrir eldri borgara á vegum Sveitarfélagsins. Þá hafa verið byggðar blokkir þar sem íbúðir eru ætlaðar fyrir 50 ára og eldri. Það má því segja að á afmörkuðu svæði er samankomin stór hópur eldri borgara og því eru væntingar um að hjálfunaraðstaðan verði nýtt sem best. Aðalsvæðið er þó hugsað á sýslumannstúni sem er stutt frá. Eins og myndin sýnir þá er hugmyndin að hafa þar putt-völl, bocchia-völl og æfingatæki. Sveitarfélagið Árborg skiptist í nokkra byggðarkjarna og var hugmynd vinnuhópsins að setja einnig upp tæki á Eyrarbakka og Stokkseyrri.

Hugmyndin var kynnt fyrir



stjórnnum félaga eldri borgara á Eyrarbakka og Selfossi sem og nefnd á vegum ÍSÍ íþróttir eldri borgara og tóku allir vel í hugmyndina. Þessi vinna var unnin fyrir tíu árum en í október 2017 áttu undirritaðar spjall saman líkt og oft áður. Að þessu sinni barst það að heilsubætandi líkamsræktartækjum sem hægt væri að staðsetja úti. Þessi tæki eru ætluð fyrir eldra fólk. Við vorum búnar að fréttu af slíkum tækjum á nokkrum stöðum á Stór-höfðuborgarsvæðinu. Okkur fannst þetta spennandi og gæti komið sér vel fyrir okkar fólk hér í Sveitarfélaginu Árborg. Við fórum í vettvangsferð og skoðuðum tækin. Okkur leist vel á tækin og vorum við ákveðnar í því að gera allt sem í okkar valdi stæði til að framkvæma þessa hugmynd. Við ákváðum að halda okkur við tækið sem vinnuhópurinn hafði valið fyrir tíu árum. Við höfðum samband við Jóhann í Vatnsholti sem flytur tækin frá Lappsett inn og fengum tilboð frá honum. Málið var tekið upp á fundi stjórnar Félags eldri borgara á Selfossi (FEB) og var ákveðið að leita eftir styrkjum hjá félögum og fyrirtækjum hér í bæ. Asamt FEB á Selfossi gáfu 8 félög/fyrirtæki í söfnunina. Með styrkjum þeirra tókst okkur að kaupa tækið sem hefur nú verið komið fyrir við suðurenda hússins að Grænumörk 5. Okkar ósk er sú að þetta tæki muni efla og styrkja eldri borgara sem og aðra íbúa Árborgar sem koma til með að nýta sér æfingatækið.

Tækið er afar vandað og gert til að standa úti allt árið. Það er góð upphitun fyrir hvað sem fólk tekur sér fyrir hendur í kjölfarið. Við undirritaðar erum afar stoltar af því að hafa komið þessu æfingatæki upp. Við höfum trú á að tækið eigi eftir að bæta heilsu og styrkja þá sem koma til með að nýta sér aðstöðuna. Ekki skemmir heldur að það er staðsett þar sem allir hafa auðveldan aðgang að. Þarna gefst fólki kostur á að stunda líkamsrækt á þægilegan og skemmtilegan hátt úti í hreinu, heilnæmu og tæru lofti. Við viljum koma á framfæri kærri þakklæti til þeirra sem studdu okkur. Vonandi sjáum við sýslumannstúnið verða nýtt sem alhliða útivistarsvæði eins og vinnuhópurinn lagði til.



GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

Grímsnes- og Grafningshreppur færir Sunnlendingum öllum bestu óskir um gleðilegt sumar.



Við sendum Sunnlendingum öllum okkar bestu óskir um gleðilegt sumar.

HVERAGERÐISBÆR



Skaftárhreppur sendir Sunnlendingum hugheilar sumarkveðjur.



Við hjá Skeiða- og Gnúpverkjahrepp sendum hlýjar sumarkveðjur.

Eins og hálf metra snjór á Hellisheiði -Snjómokstur á Hellisheiði aðfaranótt 6. apríl



Grétar Einarsson flokksstjóri á þjónustustöð Vega-gerðarinnar á Selfossi var við eftirlit á Hellisheiði aðfaranótt mánudagsins 6. apríl og smellti þá nokkrum myndum af snjóblásara við störf. Mikilið fannfergi gerði á Hellisheiði á sunnudag, ofankoma var mikil, vegurinn lokaður í lengri tíma og því hafði snjórinn nægan tíma til að safnast upp. Mikill vindur feykta snjónum í háa skafli sem margir náðu yfir hundruð metra en á öðrum köflum var vegurinn nánast auður.

„Myndirnar eru teknar um tvöleytið um nóttina en byrjað var á að opna Þrengslin áður

en hafist var handa við Hellisheiðina,“ segir Grétar sem fylgdist með aðgerðum, sá um að upplýsa vaktstöð Vega-gerðarinnar og skoðaði hvar þyrfti að blása. Hann lenti ekki í vandræðum sjálfur en færið var ekki fyrir neina venjulega jeppa. „Ég passaði mig á því að halda mig þar sem búið var að moka,“ segir hann glettinn og bendir á að stóran truck hafi þurft til að flytja bílstjóra snjóblásarans upp á Hellisheiði en stóri snjóblásarinn sem notaður er í verkið er geymdur við skíðaskálann í Hveradölum. „Það tók þá tvo tíma að komast að blásaranum frá Selfossi.“

Snjórinn á heiðinni og í Þrengslunum var það mikill að ekkert nema snjóblásari gat

unnið það verk að grynka á snjónum sem á löngum köflum var einn og hálfur metri að þykkt og víða þannig að víra-vegriðin voru alveg á kafi. Snjóblásarinn var notaður til að losa mesta snjóinn og á eftir honum komu snjóruðningstækin og kláruðu verkið. Heiðin var svo opnuð fyrir umferð milli kl. sex og sjö um morguninn.

Fordæmalaust er vinsælt orð þessa dagana en Grétar segir það ekki eiga við í þessu dæmi. „Nei, nei. Það gerði bara byl,“ segir hann hlæjandi en viðurkennir þó að líklega sé þetta mesti snjórinn sem hafi komið á heiðina í vetur. „En þetta er ekki í fyrsta skipti í vetur sem við höfum þurft að nota blásara til að opna, og kannski ekki síðasta.“



Ný vefsíða um geðfræðslu komin í loftið



Hugrún geðfræðslufélag hefur sett í loftið vefsíðuna gedfraedsla.is. Félagið er rekið í sjálfbóðaliðastarfi af háskólanemum og snýr öll starfsemi félagsins að því að bæta geðheilsu ungmenna á Íslandi og auka aðgengi að upplýsingum um geðheilsu.

Á síðunni má nálgast upplýsingar um geðheilsu, geðraskanir og úrræði. Nú sem aldrei fyrr er sérlega mikilvægt að hlúa að geðheilsunni, þekkingu helstu ein-

kenni geðraskanana og vita hvert á að leita ef eitthvað kemur upp. Á síðunni eru allar þessar upplýsingar settar fram með skýrum hætti og á mannamáli. Síðan er líka í boði á ensku og pólsku en þrátt fyrir mikinn fjölda aðfluttra Íslendinga er oft erfitt að nálgast áreiðanlegar upplýsingar um geðheilsu og úrræði á öðrum tungumálum en íslensku.

Hluti síðunnar er tileinkaður foreldrum, forsjáraðilum og skólafélögum og þar eru leiðbeiningar til að opna á umræðu við ungmenni um þessi mál með markvissum hætti og veita þeim geðfræðslu. Slík fræðsla er mikilvæg fyrir ungt fólk og samfélagið allt. Hún getur aukið vitneskju, dregið úr fordómum, dregið úr alvarleika vandans og auðveldað ungu fólki að leita til einhvers sem þau treysta þegar þau upplifa andlega erfiðleika.

Í kjölfar útgáfunnar birtir félagið, ásamt Landssamtökum

íslenskra stúdenta og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema, ákall þar sem biðlað er til foreldra að nota leiðbeiningarnar á síðunni til að ræða geðheilsu við ungmenni, kynna fyrir þeim einkenni helstu geðraskanana og þau úrræði sem standa til boða á Íslandi. Geðfræðsla er ekki fastur liður í skólafarfi á neinu skólastigi á Íslandi og því vilja félögin biðja foreldra að sinna geðfræðslu, svo ungu fólki á Íslandi sé tryggð sú nauðsynlega fræðsla. Samtal um þessi mál heima fyrir er líka mikilvægt því það opnar á nauðsynlega umræðu og eykur líkur á því að ungmenni treysti sér til að ræða vandamál sem geta komið upp.

Félagið hvetur öll til að vera huguð, fræðast um geðheilsu og ræða hana heima!

Ákallið má finna á:
<https://gedfraedsla.is/akall>

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/

Hestapjálfun

Tek að mér tamningar og þjálfun á hestum eða aðstoða eigendur við að byrja á útreiðum eftir veturinn. Bý á Flúðasvæðinu og kem með hnakkinn minn og vinn heima hjá eigendum. Tek kaup fyrir þann tíma sem ég vinn á hverjum stað. Get líka járnað.

Upplýsingar í síma
855 3540



Færanleg skólastofa til sölu



Hveragerðisbær auglýsir til sölu færanlega skólastofu sem stendur við Grunnskólann í Hveragerði, stærð u.þ.b. 63m². (5,1 x 12,35). Þjóðendur þurfa að skoða stofuna á staðnum og fjarlægja innan viku frá samþykkt tilboðs.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hveragerðisbæjar merkt „skólastofa tilboð“ fyrir kl. 11 fimmtudaginn 7. maí 2020 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim þjóðendum sem þess óska.

Byggingarfulltrúinn í Hveragerði



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Öpinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmfundaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands
Miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
Föstudaga kl. 10-12 í Strók
facebook.com/batasetur

BÍLAR

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Heilsárshús óskast
Óska eftir heilsárshúsi til leigu í
dreifbýli sunnan við Selfoss eða
Hveragerði. Uppl. í síma 777
5651.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

HEILSA

**Nudd -
Svæðanudd**

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

TIL LEIGU

Íbúð til leigu
4ra herbergja íbúð til leigu mið-
svæðis á Selfossi. Er nærri allri
þjónustu. Er laus í dag. Uppl. í
síma 864 1275.

Íbúð til leigu
Til leigu 60 fm íbúð í Ölfusi, 3
herb. Laus strax. Leigist með
húsbúnaði. Uppl. í síma 892
3066 eða solhestar@solhestar.is.

TIL SÖLU

Dekk og felgur
4 stk. nýleg sumardekk á álfelgu-
um. Stærð 225/65-17.
4 stk. nýleg sumardekk. Stærð
225/65-17.
4 stk. nýleg negld vetrardekk.
Stærð 205x55x16
4 stk. álfelgurær frá RAV4.
Upplýsingar í síma 894 0123.



Til sölu er óslitið, notað, gott
sófasett. 3ja sæta, 2ja sæta,
1 stóll og sófaborð. Smíðað af
Trésmíðju Meidi Rvk. Uppl. í
síma 864 1275.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í
auglýsingapakka
í blaðið og á vefinn!

Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Það stytta alltaf upp og lygnir Breytingar á æfingum hjá Umf. Selfoss

UMF. SELFOSS Ef fram fer sem
horfir með tilslökunum á tak-
mörkunum á samkomum,
skólalaldi og skipulögðu
íþróttastarfi þann 4. maí nk.
munu æfingar hjá deildum Umf.
Selfoss taka breytingum á sama
tíma. Eins og fram hefur komið
leggur sóttvarnalæknir til að
slakað verði á takmörkunum í
skrefum sem endurskoðuð verði
með þriggja til fjögurra vikna
millibili.

Æfingar verða utandyra hjá

iðkendum á leik- og grunn-
skólaaldri en þó háðar þeim tak-
mörkunum að ekki fleiri en 50
einstaklingar verða saman í hóp
og halda skal tveggja metra fjar-
lægð eftir því sem það er unnt,
einkum hjá eldri börnum.

Annað skipulagt íþróttastarf
er heimilt utandyra með þeim
takmörkunum að ekki fleiri en
fjórir einstaklingar æfa eða leika
saman, snertingar eru óheimil-
ar, halda skal tveimur metrum
á milli einstaklinga og notkun

á sameiginlegum búnaði skal
haldið í lágmarki en annars skal
sótthreinsa hann á milli notkun-
ar.

Frá lokum mars hafa deild-
ir Umf. Selfoss veitt iðkendum
þjónustu í formi fjarþjálfunar til
að koma til móts við iðkendur í
samkomubanni og fyrirhugað er
að lengja æfingatímabil eftir því
sem kostur er. Nánari útfærsla
hjá hverri deild fyrir sig verður
kynnt fyrir 4. maí.



Guðmundur Hólmur í leik með ís-
lenska landsliðinu. Ljósmynd: Foto
Olimpik.

Guðmundur Hólmur til Selfoss

HANDBOLTI Guðmundur Hólmur
Helgason hefur samið við hand-
knattleiksdeild Umf. Selfoss til
þriggja ára. Guðmundur, sem er
vinstri skytta, hefur spilað með
undanfarin tvö ár en spilaði
þar á undan með franska liðinu
Cesson Rennes. Guðmundur er
uppallinn Akureyringur en spil-
aði einnig með Val áður en hann
hélt út í atvinnumennskuna.

Handknattleiksdeildin er
gríðarlega ánægð að fá að kynna
Guðmund Hólmur til leiks enda
ljóst að hann mun styrkja liðið,
bæði sóknarlega og varnarlega.
Við bjóðum Guðmund Hólmar
hjartanlega velkominn á Selfoss.

Selfoss U deildarmeistari

HANDBOLTI Ungmennalið Selfoss
varð á dögnum deildarmeistari
í 2. deild karla. Þetta varð ljóst
þann 6. apríl sl. eftir að HSI
ákvað að öllu frekara mótahaldi
á tímabilinu yrði aflýst og efsta
lið í hverri deild væri útnefnt
deildarmeistari. Selfoss U sat þá
efst í 2. deild með 22 stig eftir
15 umferðir, með jafn mörg stig
og Fram U.

Árni Geir Hilmarsson þjálf-
ari liðsins var að vonum ánægð-
ur með titilinn „Mér liður bara
ótrúlega vel, ánægður að landa
enn einum risatitlinum fyrir fé-
lagið.“ U-liðið var sent til leiks
í Íslandsmótinu í fyrra í fyrsta
skipti og hefur það reynst vel.
„U-liðið er séð frá mínum bæj-
ardryum sem undirbúningur
fyrir meistaraflökk. Staður fyrir
þá sem vilja spila með meist-
araflökki en eru ekki alveg
klárir í Ólisdeildina. Liðið er

mestmegnis skipað strákum
úr akademíunni með nokkrum
eldri reynslumeiri leikmönnum
í bland,“ sagði Árni Geir.

Með titlinum tryggðu strák-
arnir sér einnig sæti í Grill 66
deildinni, þar sem þeir munu
keppa við erfðari andstæðinga.
„Næsta tímabil lítur mjög vel
út. Það verður skemmtilegra
fyrir strákana að spila í Grill 66
deildinni þar sem fleiri leikir eru
erfiðir og gæðin eru miklu nær
Ólisdeildinni. Markmiðin eru
fyrst og fremst þau að strákarnir
nalgist þann klassa að þeir geti
spilað fyrir meistaraflökk Sel-
foss.“

Bikarinn er ekki kominn í
hús, eins og gefur að skilja, en
það er ljóst að það verður tek-
in meistaramynd með bikarum
þegar bikarinn kemur yfir brúna
og Víðir gefur leyfi. -esó



F.v. eru Tryggvi Þórisson, Ísak Gústafsson og Hannes Höskuldsson. Þeir hafa
verið meðal leikmanna Selfoss U í vetur og eru einnig orðnir fastamenn í
meistaraflökki. Ljósmynd: Selfoss/ÁP

Sumarvörur

Eru komnar í verslun okkar

30%

Afsláttur af öllum vörum til 10. maí

Opnunartími
mán-föst 11 - 18
Helgar 11 - 16

www.heimilidogjolin.is
Afláttarkóði – brosum

Gildir ekki með öðrum tilboðum

HEIMILID OG JÓLIN

Heimilid og jólin, Austurvegi 65, Sími 482-1222

Mýrdalshreppur þakkar fyrir liðinn vetur og óskar farsældar á komandi sumri.

Bláskógabyggð óskar íbúum sem og Sunnlendingum öllum nær og fjær til sjávar og sveita gleðilegs sumars.

CCEP styður starf taekwondodeildar Selfoss

TAEKWONDO Á aðalfundi taekwondodeildar Umf. Selfoss sem fram fór í Tíbrá þriðjudaginn 3. mars sl. var undirritaður samstarfssamningur við CCEP sem styður öflugt starf deildarinnar.

Það voru Björgin Magnússon sölustjóri CCEP á Suðurlandi (t.v.) og Ófeigur Ágúst Leifsson formaður taekwondodeildar Selfoss sem gengu frá samningnum.

Stjórn deildarinnar var endurkjörin á fundinum enda starfið blómlegt og iðkendum fjölgar ár frá ári.



Verktakar athugið



Verktökum stendur til boða skráning á verktakalista vegna viðhaldsverkafna Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2020 - 2021

Mannvirkja- og umhverfissvið Sveitarélgansins Árborgar óskar eftir umsóknum verktaka til þátttöku í væntanlegum verðfyrirspurnum í tímavinnu vegna endurbóta, viðhaldsvinnu o.fl. í verkefnum á vegum sveitarfélagsins. Um er að ræða viðhaldsvinnu í öllum deildum Mannvirkja- og umhverfissviðs, eignadeild, Selfossveitum og þjónustumiðstöð. Fyrir skráningu á verktakalista og upphaf verka sem

verktaki mun annast fyrir Mannvirkja- og umhverfissvið, mun verktaki verða krafinn um staðfestingu á skuldastöðu við lífeyrissjóði og ríkissjóð. Einungis þeir verktakar koma til greina, sem eru í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld og opinber gjöld. Uppgefið tímavinnugjald verður fast í eitt ár frá dagsetningu á samþykktari umsókn. Tekið er við umsóknum til og með **10. maí 2020**. Hægt er að nálgast gögn á netfangið mannvirkja.umhverfissvid@arborg.is.

Mannvirkja- og umhverfissvið Sveitarfélagsins Árborgar

KYNNING Á FRAMKVÆMDUM VIÐ AUSTURVEG - RAUÐHOLT



Sveitarfélagið Árborg hefur samþykkt að fara í framkvæmdir við Austurveg milli Langholts og Rauðholts á Selfossi. Verkið felur í sér lagningu DN400 stállagnar fyrir hitaveitu eftir Austurvegi milli Langholts og Rauðholts ásamt endurnýjun niðurfalla, regnvatnslagnar og skólplagnar, gerð hjólastígs og endurnýjunar á gangstétt.

Einnig er um að ræða endurgerð á hluta af götunni Rauðholti á Selfossi, þ.e. jarðvegsskipti götu, malbikun hennar, gerð gangstétta og hjólastíga, endurnýjun stofnlagna fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu, ásamt lagningu ídráttarröra.

Stefnt er að því að hefja fram-

kvæmdir við verkið **27. apríl 2020**. Verkinu skal að fullu lokið **1. október 2020**.

Áfangi 1: Þverun lagna hitaveitu, fráveitu, vatnsveitu, jarðvegsskipti götu og lagningu ídráttarröra yfir Austurveg við Rauðholt.

Áfangi 2: Við Rauðholt verða framkvæmd jarðvegsskipti götu, malbikun hennar, gerð gangstétta og hjólastíga, endurnýjun stofnlagna fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu, ásamt lagningu ídráttarröra.

Áfangi 3: Verkið felur í sér lagningu DN400 stállagnar fyrir hitaveitu eftir Austurvegi milli Langholts og Rauðholts ásamt endurnýjun niðurfalla, regnvatnslagnar og

skólplagnar, gerð hjólastígs og endurnýjunar á gangstétt.

Loka þarf fyrir umferð á Austurveginum að hluta til í ákveðinn tíma, en hjáleiðir verða settar upp og merktar með skiltum. Framkvæmdirnar eru einnig kynntar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar með fyrirhuguðum hjáleiðum.

Ef íbúar óska eftir frekari upplýsingum vegna framkvæmdanna er þeim vinsamlega bent á að hafa samband við eftirlitsaðila verkkaupa Jóhann Ágústsson í gegnum tölvupóst, johann.agustsson@gmail.com eða í síma 861 5605.

Mannvirkja- og umhverfissvið Sveitarfélaginu Árborgar

Hrunamannahreppur óskar öllum Sunnlendingum gleðilegs sumars.

Deiliskipulag fyrir nýja íbúðabyggð á Hvolsvelli

Nýtt deiliskipulag íbúðabyggðar á Hvolsvelli.



Í Rangárþingi eystra er verið að vinna að deiliskipulagi á nýrri íbúðabyggð, n.t.t. norðan við byggðina á Hvolsvelli, og er sú vinna á lokametrunum. Skipulagssvæðið er samtals 14 ha að stærð og er innan þess m.a. hringtorg sem tengir hverfið við Nýbýlaveg. Í Rangárþingi eystra hefur orðið þó nokkur fólksfjöldun umfram miðspá landsmeðaltals Hagstofu Íslands. Í lok árs 2019 voru íbúar í Rangárþingi eystra alls 1970 og hafði þá fjölgað um 2,6% frá árinu 2018. Þess ber að geta að á milli árunna 2017 og 2018 fjölgaði íbúum í Rangárþingi eystra um 6,8%.

Hönnun á 1. áfanga í gatnagerð er í vinnslu en það er Verkfræðistofan EFLA sem sér um hönnunina. Gert er ráð fyrir að hefja vinnu við gatnagerð í byrjun júní og í beinu framhaldi af því verða nýju lóðirnar auglýstar til umsóknar. Það er orðið verulega aðkallandi fyrir sveitarfélagið að geta búið upp á hefðbundnar íbúðalóðir fyrir einbýlishús, rað- og parhús.

Í nýju íbúðabyggðinni eru samtals 82 lóðir og 119 íbúðir. Lóðirnar eru fjölbreyttar og vonast er til þess að þær höfði til sem flestra. Áhersla er lögð á gott nærumhverfi lóðanna með

skemmtilegu útivistar- og leiksvæði, sem m.a. liggur á milli íbúðahverfanna, og öruggt og gott aðgengi barna að íþrótt- og skólasvæði.

Eins og fyrr segir hefur íbúum í Rangárþingi eystra fjölgað mikið undanfarin ár og hefur verið mikil ásókn í íbúðarhúsnæði bæði til kaups og leigu. Á Hvolsvelli er fjölbreytt grunnþjónusta sem skiptir íbúa og fyrirtæki miklu máli í daglegu starfi. Í sveitarfélaginu er mikil gróska í landbúnaði, hrossarékt, ferðaþjónustu og annarri tengdri starfsemi og þjónustu.

Frístundastyrkur Árborgar hækkar um 10.000 kr.

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi 2. apríl sl. sem hluta af aðgerðum sveitarfélagsins vegna COVID-19 að hækka frístundastyrkinn í Árborg um 10.000 kr. og verður hann því í heildina 45.000 kr. árið 2020.

Með hækkun frístundastyrksins vill bæjarstjórn Árborgar koma til móts við barnafjölskyldur í samfélaginu þar sem starfsemi íþrótt- og frístundafélaganna hefur verið takmörkuð vegna COVID-19 veirunnar og undirstrika um leið mikilvægi skipulagðs íþrótt- og frístundastarfs sem hluta af daglegu lífi barna og ungmenna. Frístundastyrkurinn er fyrir börn á aldrinum 5 - 17 ára sem hafa lögheimili í Árborg og er hægt að nota styrkinn til að greiða fyrir flestar frístundir barna.

Þeir foreldrar sem hafa nú þegar nýtt hluta af frístunda-



Mynd: UMFS

styrknum fyrir árið 2020 eiga þá inni mismuninn að 45.000 kr. T.d. ef búið er að nýta 35.000 kr. í frístundatarf í febrúar þá á viðkomandi barn 10.000 kr. eftir til að nota fyrir 31. desember 2020.

Lagnþjónustan ehf.
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25. ára

Bilspurtaun - Bílaréttingar
Bílrúðskipti
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FROST
 KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
 HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
 HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Josera
 Gæludýrafóður
 Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
 Sími 660 2970
 Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
 Ísskápaútgærdir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
 Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði
 Gagnheiði 5, Selfossi Sími 482 1980

HREINGERNINGAÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
 Steinteppabreinsun, teppabreinsun, bón, gluggabreinsun o.fl.
 Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
 Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar Smurþjónusta
 Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi
 Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
 Öryggiskerfi
 Eftirlitsmyndavélakerfi
 Hljóðkerfi
 Símkarfi o.fl.
 Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson sími 779 6777

DFS.is
 Auglýsingapantanir
 Sími 482 1944
 dfs@dfs.is

Rétting og málun
 Vottað rétttingaverkstæði Cabas tjónaskoðun
 Breiðumýri 1, Selfossi
 ☎ **480 8020**

Jiibbiíi
Siggafærðir
 - Flutningaþjónusta -
 Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
 Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

FYLGD
 Útfararþjónusta

 Gishi G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
 Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
 www.vinnuvelaskolinn.is